

Skipulagsráð Kópavogs
Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

27.11.2024

Erindi: Óskað er eftir heimild skipulagsráðs til að hefja aðal- og deiliskipulagsbreytingu á lóð Nýbýlavegar 1

BBL 179 ehf, kt. 701221-0600, er lóðarhafi Nýbýlavegar 1 og dótturfélag fasteignapróunarfélagsins Klasa ehf. Klasi fer með þróun lóðarinnar fyrir hönd dótturfélagsins og óskar eftir heimild til að hefja aðal- og deiliskipulagsbreytingu á lóð Nýbýlavegar 1.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 20.11.2023 var lögð fram fyrirspurn Klasa um samtal um þróun Nýbýlavegar 1. Afgreiðslu var frestað á fundinum og tekið fyrir að nýju þann 18.12.2023. Þar var eftirfarandi bókað:

23052181-Nýbýlavegur 1. Fyrirspurn.

Lögð fram að nýju fyrirspurn frá Klasa ehf. dags. 15. nóvember 2023 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 1 við Nýbýlaveg þar sem óskað er eftir samtali við skipulagsráð um þróun lóðarinnar. Fyrirspurnin var áður lögð fram á fundi skipulagsráðs 20. nóvember s.l. Skipulagsráð frestaði afgreiðslu og óskaði eftir minnisblaði um forsögu málsins og stöðu.

Þá er lagt fram minnisblað dags. 28. nóvember 2023.

Skipulagsráð leggur til að hafið verði samtal um framtíðarþróun lóðarinnar með sex atkvæðum Hjördísar Ýrar Johnson, Kristins D. Gissurarsonar, Andra Steins Hilmarssonar, Gunnars Sæs Ragnarssonar, Kolbeins Reginssonar og Hákonar Gunnarssonar gegn atkvæði Theódóru S. Þorsteinsdóttur. Lögð er áhersla á að ríkt samráð verði haft við íbúa í Lundi.

Bókun:

Undirrituð telur að sömu forsendur eigi við og komu fram í erindi frá Vegagerðinni 2017 um ómögulegt aðgengi frá Nýbýlavegi. Áður en samtal um framtíðarþróun lóðarinnar á sér stað þyrfti að fá staðfestingu á aðgengi inn á lóðina.

Theodóra S. Þorsteinsdóttir

Frá því að málið var á dagskrá ráðsins hafa verið samráðsfundir með Vegagerðinni, unnar frekari skoðanir að ósk Vegagerðarinnar og útfærslur að mögulegu íbúðarhúsnæði skoðaðar í samráði við starfsfólk skipulagsfulltrúa.

Í fylgiskjöllum er samantekt á þeirri vinnu sem hefur átt sér stað frá því að vinna við verkefnið hófst sem og minnisblað frá VSÓ ráðgjöf.

Óskað eftir heimild skipulagsráðs Kópavogs að hefja formlegt ferli á aðal- og deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Nýbýlaveg 1 sem felur m.a. í sér að heimila íbúðarbyggð á lóðinni og aukið byggingarmagn.

Fyrir hönd Klasa

Ingvi Jónasson
framkvæmdastjóri.